

Alþingi
Erindi nr. P 135/424
komudagur 26.11.2007

22.11.2007

Menntamálanefnd Alþingis.

Eftirfarandi athugasemdir vil ég gera við frumvarp til laga um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra:

1) Í grein 2 segir " nú fæðist barn heyrnarlaust, heyrnarskert eða daufblint.....". Þarna er talað um ráðstafanir sem gerðar skulu gagnvar aðstandendum barns en ekkert minnst á þann líklega möguleika að heyrnarlaus, heyrnarskertur og/eða daufblindur einstaklingur getur hafið sambúð eða verið í sambandi við heyrandi einstakling sem ekki kann táknmál og eignast með honum sin heyrandi börn. Vitanlega þurfa þessir aðstandendur að fá markvisst nám í táknmáli. Þessu þarf að bæta inn í frumvarpið. Annað. Foreldrum fullorðinna heyrnarskertra , heyrnarlausra og daufblindra þarf að standa til boða nám í táknmáli. Ég sjálf er móðir heyrnarlauss einstaklings og ég kann ekki táknmál sem vitanlega hamlar samskiptum við mitt barn.

Þetta frumvarp er mjög höfuðborgarstýrt sem kemur fram í því að hvergi er minnst á þann möguleika að Háskólinn á Akureyri geti boðið tækifæri að veita nám í táknmálstúlkafræðum. Háskólinn á Akureyri er mjög öflugur háskóli og fjölsóttur. Það er meir en lítið mál að taka sig upp og stunda nám í Reykjavík. Því mætti hugsa sér að gefa fólki hér á norður - og austurlandi tækifæri til að stunda ofangreint nám annað hvort sem fullt nám eða sem einhverskonar fornám.

Skilgreina þarf betur í 7 grein rétt á auknum tímafjölda. Sem dæmi má t.d. minnst á fjölskyldusamkvæmi og ættarmót sem vel geta gleypst eina 5 - 10 tíma. Ég veit t.d. að í jólaboðum minnar fjölskyldu er mín heyrnarlaus dóttir alveg einangruð.

Það vantar líka í þetta frumvarp hvernig beri að þjónusta eldra heyrnarlaust/ heyrnarskert og daufblint fólk sem t.d. þarf heimilshjálp, heimilshjúkrun eða tekur þátt í starfi aldraðra

Vinsamlegast

Valdís

Valdis Ingibjörg Jonsdóttir PhD
Speech and language therapist
Voice pathologist
"Thad er malid"
Furuvellir 13
600 Akureyri
Iceland
Telephone: 00354 8680778
Fax 00354 4613839